



## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvholsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 1. júlí 2020  
Tilv.: DMR20060194/6.16.5

### Löggildingarskjal

Aðeins löggilt ættleiðingarfélög mega hafa milligöngu um ættleiðingar. Með milligöngu er átt við starfsemi sem hefur þann megin tilgang að koma á sambandi milli þeirra sem óska eftir að ættleiðingar eru lent barn og stjórnvalda og annarra opinberra aðila og löggiltra ættleiðingarfélaga í heimalandi barns og að öðru leyti að láta í té það liðsinni sem nauðsynlegt er til þess að af lögmætri ættleiðingu geti orðið, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

Starfsemi er varðar ættleiðingar erlendra barna skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem telja verður að sé barni til gagns og má ekki verða neinum fjárhagslega eða á annan hátt til óhæfilegs ávinnings, sbr. 3. mgr. 35. gr. Brot gegn ákvæðum 35. gr. varða sektum, sbr. 4. mgr. ákvæðisins.

Löggilt ættleiðingarfélag, sem hefur milligöngu um ættleiðingar barna frá ríkjum sem eru aðilar að Haagsamningnum um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa frá 1993, skal einungis vinna að ófjárhagslegum markmiðum samkvæmt þeim skilmálum og innan þeirra marka sem kveðið er á um í lögum eða ákveðin eru af ráðuneytinu. Félagið skal hafa stjórnendur og starfsmenn sem eru hæfir hvað síðferðiskröfur og menntun eða reynslu varðar til starfa á svíði ættleiðinga milli landa og lúta eftirliti ráðuneytisins hvað varðar skipulag, rekstur og fjárhag skv. 11. gr samningsins, sbr. 34. gr. laga um ættleiðingar.

Ráðherra löggildir ættleiðingarfélög, setur reglur um skilyrði fyrir löggildingu slíkra félaga og hefur eftirlit með starfsemi þeirra, sbr. 28. og 34. gr. laga um ættleiðingar, sbr. reglugerð nr. 453/2009.

**Með þessu skjali er félagið Íslensk ættleiðing löggilt til þess að hafa milligöngu um ættleiðingar barna frá Tógó. Löggildingin gildir til 1. júlí 2023.**

Um starfsemi félagsins fer samkvæmt lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, og reglugerð um ættleiðingarfélög, nr. 453/2009, með síðari breytingum.

Fyrir hönd ráðherra

  
Haukur Guðmundsson  


  
Rósa Dögg Flosadóttir